



Skautasamband Íslands  
Engjavegi 6,  
104 Reykjavík  
Ísland

## **Skýrsla stjórnar Skautasambandsins tímabilið 2005-2006.**

Í stjórn á liðnu starfsári voru eftirtaldir aðilar:

Elísabet Eyjólfsdóttir	formaður
Sigurlína Jónsdóttir	varaformaður
Anna Kristín Einarsson	gjaldkeri
Erlendína Kristjánsson	meðstjórnandi
Pórdís Ingvadóttir	ritari

### **Varamenn:**

Christine Savard  
Sigrún Mogensen  
Erla Ragnarsdóttir

Síðasta haust þá fór allt þrek í það að innleiða nýja dómakerfið. Fyrst var að taka ákvörðun um hvaða útgáfu af kerfinu við ættum að nota, en í ljósi þess að við þurfum að halda Norðurlandamót eftir 2 ár þá tókum við þá ákvörðun að fá þá útgáfu sem þarf til þess að standa fyrir alþjóðlegu móti. Við keyptum búnaðinn sem var mjög dýr, en ISU hét endurgreiðslu að hluta ef þetta kerfi yrði notað yfir tímabilið og þá sérstaklega á Íslandsmeistaramótinu. Við byrjuðum undirbúning á því að fá Katarína Hendriksson, sem er sænsk og hefur einna mestu kunnáttuna á Norðurlöndunum í nýja dómakerfinu, til þess að koma og halda námskeið. Hún hélt námskeið fyrir dómara, þjálfara og skautara í eldri flokkum. Í framhaldinu komu hingað til lands fólk frá Wiga, en það er fyrirtækið sem framleiðir hugbúnaðinn. Við vorum svo heppin að tveir aðilar vildu koma og komu þau bæði, en við borguðum aðeins fyrir einn. Þetta er enn ein vísbendingin um það hvað Ísland er eftirsóknarverður staður til að koma á. Þetta fólk hélt námskeið um notkun á tækjunum. Þar var farið yfir hvernig dómara nota tækin, tækni yfirdómari, tækni sérfræðingur og aðstoðar tækni sérfræðingur. Auk þess fengu upplýsingafulltrúar, reiknimeistarar og myndbandsklipparar leiðsögn.

Þessi námskeið voru bæði tvö mjög nauðsynleg til kynningar og upplýsingar fyrir það fólk sem vinnur með þessi tæki og einnig þeirra sem undirbúa skautara fyrir þær keppnir þar sem nýja dómakerfi er notað. Það er gaman að segja frá því að Ísland var með fyrstu þjóðum í heiminum til þess að nota þessi tæki í dómgaeslu fyrir skautara sem ekki eru búnir að ná Novice kröfum. Þegar Norðurlandamótið síðasta var, en þá hittust Norðurlandþjóðirnar til skrafs og ráðagerða, þá var þetta nýja dómakerfi mikið í umræðunni. Það var ákveðið að þær þjóðir sem lengst væru komnar með notkun þess

myndu hittast og ræða þetta sína á mili. Danmörk og Noregur ætla að vera með 2 kerfi í notkun vaðandi dómgæslu, það nýja fyrir eldri skautara og það gamla fyrir yngri skautara og því höfðu þeir ekki áhuga á þessum umræðum. Ég hitti því fulltrúa Svíþjóðar og Finnlands, en það eru þær þjóðir sem lengst eru komnar í skautaiþróttinni af öllum Norðurlandþjóðunum. Það var mjög lærdómsríkt að heyra hvernig þessar þjóðir hafa notað hina ýmsu möguleika sem þetta kerfi býður upp á til þess að nota það við dómgæslu í yngri flokkum. Þetta var ekkert ósvipað því sem við höfum verið að gera.

Þess má geta að þetta kerfi hefur nýst okkur frábærlega vel þennan vetur sem við höfum notað það, en þó hafa verið ýmsir “hnökror” sem við erum að reyna að laga fyrir næsta tímabil. Við sjáum mikla möguleika á því að nota það í staðinn fyrir prófkerfi hjá þeim skauturum sem lengra eru komnir.

Skautasambandið stóð fyrir 3 keppnum á síðasta starfsári. Þessar keppnir voru Bikarmótið, haldið í nóvember, þar var einungis keppt í A-flokkum. Íslandsmeistaramótið og Unglingamótið voru í janúar, en þar var keppt Junior og Novice flokkum. Stærsta mótið var síðan Barna- og unglínamótið sem haldið var í febrúar. Þar voru yfir 100 keppendur skráðir í keppni í bæði A og B flokkum. Vandamálið við þessa keppni er fjöldi keppenda og þurftum við að útiloka Novice og Junior skautar með það að keppa með bæði prógrömin sín, eins og tíðkast hefur. Ástæðan er skortur á ístímum og skortur á fólki sem vinnur við keppnina, dómara og fleira. Þetta er mjög miður því að þessum skauturum veitir ekki af að fá sem mesta keppnisreynslu, en við ákváðum að fara frekar þessa leið fremur en að þurfa að útiloka B-skautara eða yngri A-skautara því að við ráðum ekki við meiri fjölda en 100 skautara. Þetta er staðreynd tekið tillit til þeirra aðstæðna sem við búum við í dag.

Til þess að bæta keppnisreynslu hjá skauturum þá höfum við ákveðið að bæta við 1 keppni til viðbótar. Þetta mót er fyrirhugað sem fyrsta mót vetrarins og er kallað Haustmót. Þar keppa bæði A og B skautarar, en vegna skorts á ístímum þá skiptum við B-flokknum upp í tvennt og keppa eldri flokkarnir á sama tíma og Bikarmótið. Þetta er gert til þess að draga úr kostnaði, því að við þurfum að flytja inn töluvert af fólki í kringum þessi mót, auk þess þá höfum við ekki úr nægum ístíma að spila.

Skautasambandið sendi Audreyju Freyju Clark til keppni á Junior Grand Prix keppni sem haldin var í Póllandi síðasta haust. Einnig keppti hún fyrir hönd Íslands á Norðurlandamóti því sem haldið var í Danmörku í febrúar s.l.. Hún var eini keppandinn á mótum hér heima sem reyndi við þær lágmarkskröfur sem krafist er á alþjóðlegum keppnum erlendis og því ein sem kom til álita við val á skautarum til að keppa fyrir hönd Íslands.

Á Norðurlandamótinu hefur verið opnað fyrir keppni í Novice flokki, en á því síðasta var enginn íslenskur skautari tilbúinn til þess að fara og keppa þar. Við lítum því með tilhlökkun til næsta móts, því við höfum einlæga trú og von um að fleiri en 1 keppandi keppi fyrir hönd Íslands á Norðurlandamóti því sem haldið verður í Finnlandi í febrúar á næsta ári.

Miklar umræður urðu um Novice flokkinn og þátttöku hans Norðurlandamótinu, því að talað var um að loka aftur á þennan hóp. Ástæðan var fyrst og fremst sú að þetta hefur mikinn kostnaðarauka í för með sér og voru rökin sú að senda þyrfti fleiri fararstjóra vegna þess hve ungir þessir skautarar eru, en hjá hinum Norðurlandþjóðunum þurfa Novice skautarar að borga ferð og uppihald. Einnig kvartaði mótshaldari yfir því að mótið tæki lengri tíma og erfiðara væri að setja saman tímaplan fyrir mótið. Ég er alfarið á móti þessu og var í miklum minnihluta á fundinum, því ég tel það afar mikilvægt fyrir okkur að við fáum tækifæri til þess að senda Novice skautara á þetta mót. Eftir miklar rökræður þá tók fulltrúi Noregs undir með mér og var niðurstaðan sú að hafa Novice skautara eru með á næsta móti og verður endanleg afstaða tekin þá.

Keppnisreglur eru tilbúnar fyrir komandi tímabil og verða þær afhentar félögunum á eftir. Það var í raun ekki mikil breyting frá síðasta ári heldur aðeins verið að aðlaga keppnisreglurnar að nýja dómaraakerfinu. Þó er sú breyting að bæði Novice flokkar og Junior flokkar hafa nú alþjóðlegar lágmarkskröfur, sem ég tel stórt skref fram á við. Engar reglur eru gefnar út fyrir Senior flokk enda eigum við engan skautara sem keppir þar. Þjálfararáð kemur með tillögur um keppnisreglur og fleira, en ákvarðanatakan er hjá stjórn ÍSS. Þetta fyrirkomulag hefur gefið mjög góða raun og er fyrirbyggjandi að stofna einnig dómaraaráð, sem fjallar um sín málefni og skilar inn tillögum um námskeið og fleira til stjórnar ÍSS. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka þjálfararáði fyrir mikla og góða samvinnu á liðnu tímabili. Hér á þinginu liggur fyrir skýrsla þjálfararáðs yfir störf þeirra á liðnu tímabili.

Undanfarin ár hefur Skautasambandið verið að byggja upp verkefni sem hlaut nafnið “Skautum Regnbogann”. Þetta kerfi byggir á því að bæta grunnskautun hjá byrjendum og þeim sem lengra eru komnir. Því miður þá finnst okkur klúbbarnir ekki vinna eins mikið með þetta kerfi eins og væntingar stóðu til um. Til þess að mæta þessu þá kemur Skautasambandið til með að takmarka þátttöku skautara í framtíðinni á mótum sambandsins, nema þeir hafi lokið ákveðnum lit af skautum, þ.e. hafi klárað ákveðna áfanga. Verið er að prenta handbók fyrir þjálfara til þess að auðvelda þeim kennslu á þessu kerfi. Þegar skautari hefur lokið öllum áföngunum gengst hann undir svokallað “basic test” og er fyrirhugað að halda það á næsta tímabili.

Árlegur vinnufundur stjórnar var haldinn í byrjun mars mánaðar og til þess að gera hann skilvirkari þá var stjórnarmönnum skipt niður í hópa og átti hver hópur að vinna að þeim verkefnum sem lágu fyrir á vinnufundi. Hver hópur hafði ábyrgðarmann sem sá um að kalla hópinn saman og taka í lokin saman álitserð um niðurstöðu hópsins. Þessi vinnufundur var sá styrsti og skilvirkasti vinnufundur sem haldinn hefur verið í minni stjórnartíð, sem segir mér það að hlutirnir vinnast betur í smærri hópum. Afrakstur vinnufundar var m.a. afreksstefna Skautasambandsins sem síðan var skilað inn til ÍSÍ fyrir stuttu og verður afhent félögunum hér á eftir. Einnig er búið að ráða Mariu McLean til þess að framfylgja þessari afreksstefnu, ásamt öðrum verkefnum sem hún er að vinna að fyrir sambandið, í samvinnu við stjórn ÍSS. Fyrirhugað er að undirbúa framkvæmd á afreksstefnunni nú í sumar og fram á næsta tímabil. Síðan verður farið að vinna eftir henni á fullu. Þess má geta að fullt samráð þarf að vera við félagin, þjálfara, foreldra og skautara til þess að hægt sé að framfylgja henni. Því er fyrirhugaður fundur með

fulltrúum úr stjórn ÍSS og stjórnnum félaganna næsta haust til þess að kynna afreksstefnuna og þau verkefni sem eru á döfnni næsta tímabil.

Heimasíða Skautasambandsins hefur verið afar erfið í fæðingu og er reyndar ekki enn komin í loftið. Við höfum þó fengið ágæta aðila til liðs við okkur og er búið að vinna síðuna, sem fer í loftið eftir 1 viku. Slóð Skautasambandsins er [www.skautasamband.is](http://www.skautasamband.is). Þar koma til með að vera allar upplýsingar um lög og reglugerðir sambandsins, keppnisreglur, afreksstefna ÍSS svo fátt eitt sé nefnt.

Að lokum vil ég þakka öllum stjórnarmönnum og varamönnum stjórnar fyrir samstarfið á liðnu skautaári. Þetta var virkilega ánægjulegt samstarf sem skilaði miklum árangri að mínu mati. Trúlega er það af því að alltaf eru fleiri og fleiri stjórnarmenn sem ekki hafa hagsmuni að gæta innan stjórnar, heldur starfa með hagsmuni íþróttarinnar í huga og af áhuga og ástríðu.

Reykjavík 20. maí 2006.

Elísabet Eyjólfsdóttir  
Formaður Skautasambands Íslands